

Brjef stjórnarráðsins til lögreglustjóranna um slysfaraskýrslur.**107**

Biskupinn yfir Íslandi hefir í brjefi, dags. 15. maí þ. á., vakið eftirtekt 9. okt. á því, að skýrslur presta um mannlát af slysförum muni oft og tíðum vera talsvert skakkar, og skekkjan alt af í þá átt, að slysfaratalið sje of lágt. Til þess að bæta úr þessum misfellum er hjermeð skorað á yður, herra lögreglustjóri, að leggja fyrir eigendur og útgerðarmenn skipa, hvort heldur opinna báta eða stærri skipa, í umdæmi yðar, að tilkynna tafarlaust sóknarpresti sínum nöfn og heimilisfang þeirra manna, er á skipum þeirra farast. Komi skip, er lagt hefir út til fiskiveiða eða sjóferðar, ekki fram, svo að telja verður vist að það hafi farist með skipshöfn, ber útgerðarmanni að senda sóknarpresti sínum umrædda tilkynningu, þá er álita verður vist að skipið hafi farist.

Þetta er yður hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari ráðstöfunar.

Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Rangárvallasýslu um flutning 108

14. okt.

Samkvæmt tillögum yðar, herra sýslumaður, og beiðni hreppsnefndarinnar í Fljótshlíðarhreppi, veitir stjórnarráðið samþykki sitt til þess, að þingstaður umgetins hrepps sje fluttur frá Teigi að rjómaskálanum við Grjótá, með því skilyrði, að hreppsnefndin annist um að til verði á hinum nýja þingstað hæfilegt hús til þinghaldanna.

Þetta er yður hjermeð til vitundar gefið.

Samþykkt**109**

15. ágúst.

um kynbætur nautgripa í Rangárvallasýslu.

Sýslunefndin í Rangárvallasýslu hefir, samkvæmt lögum 20. október 1905, um kynbætur nautgripa, gert eftirfylgjandi

samþykkt**um kynbætur nautgripa í Rangárvallasýslu.**

1. gr.

Í Rangárvallasýslu skulu allir skyldir að geyma öll graðneyti 5 mánaða og eldri, annaðhvort í gripheldri girðingu, öruggu hliðarhafti, tjóðri, við innigjöf, eða á annan þann hátt, sem stjórnir nautgriparæktunarfjelaga, eða þar sem ekk-